



Fundargerð fyrsta samráðsfundar menningar- og viðskiptaráðherra og fagfélaga safnastarfs

Fyrsti samráðsfundur menningar- og viðskiptaráðherra og fagfélaga safnastarfs, eins og tilgreindur er í 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, var boðaður þriðjudaginn 19. nóvember 2024 kl. 13.00-14.30 í húsnámi Safnaráðs að Austurstræti 5.

Fundarstjórn: Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs, Klara Þórhallsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu Safnaráðs ritaði fundargerð.

Viðstaddir voru: Ágústa Kristófersdóttir, fyrir hönd Þjóðminjavarðar, Sirrý Þorgeirsdóttir fulltrúi starfsfólks Þjóðminjasafnsins, Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, Dorothee Kirch, fulltrúi starfsfólks Listasafns Íslands, Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, Ragnhildur Guðmundsdóttir fulltrúi starfsfólks Náttúruminjasafns Íslands, Kristín Halla Baldvinsdóttir, formaður félags íslenskra safna og safnafólks, Ragnheiður Vignisdóttir fyrir hönd Íslandsdeildar ICOM, Gylfi Björn Helgason fyrir hönd félags fornleifafræðinga, Arnór Gunnar Gunnarsson, formaður Sagnfræðifélags Íslands, Dagrún Ósk Jónsdóttir, formaður félags Þjóðfræðinga á Íslandi, Runólfur Vigfússon fyrir hönd félags íslenskra náttúrufræðinga, Sunna Ástþórsdóttir fyrir hönd Listfræðafélags Íslands, Ingibjörg Áskelsdóttir, formaður félags norrænna forvarða á Íslandi, Arndís Bergsdóttir fyrir hönd námsbrautar í safnafræði við Háskóla Íslands.

Frá Menningar- og viðskiptaráðuneytinu komu Sigrún Brynja Einarsdóttir, ráðuneytisstjóri og Arna Kristín Einarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála.

Frá Safnaráði: Vilhjálmur Bjarnason, formaður safnaráðs, Helga Lára Þorsteinsdóttir og Hlynur Hallsson sem sitja í Safnaráði.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra boðaði forföll, en Sigrún Brynja Einarsdóttir ráðuneytisstjóri og Arna Kristín Einarsdóttir, skrifstofustjóri menningar- og viðskiptaráðuneytinu komu fyrir hennar hönd.

1. Kynning

Um lögin og greinargerð:

Úr 7. gr. safnalaga¹

„Safnaráð boðar til samráðsfundar a.m.k. árlega með ráðherra og fulltrúum höfuðsafna og þeirra fagfélaga sem koma að starfi safnanna. Safnaráð semur reglur um fyrirkomulag samráðsfundar, þátttakendur og dagskrá sem ráðherra staðfestir.“

¹ Sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>



Úr greinargerð með frumvarpi²

„Um 1. gr.

Lögð er til breyting á safnalögum, nr. 141/2011. Tilgangurinn með samráðsfundi ráðherra, safnaráðs og fulltrúum höfuðsafna og fagfélaga er að vera vettvangur upplýsingagjafar og skoðanaskipta milli ráðherra annars vegar og safnaráðs og fulltrúa höfuðsafna og fagfólks hins vegar. Með fulltrúum höfuðsafna er bæði átt við stjórnendur safnanna og fulltrúa starfsfólks. Með fulltrúum fagfélaga er einkum átt við fulltrúa frá þeim fagfélögum sem starfsfólk safna tilheyrir. Sem dæmi má nefna félög fornleifafræðinga, sagnfræðinga, þjóðfræðinga, náttúrufræðinga og listfræðinga.

Gert er ráð fyrir að fundað sé a.m.k. árlega en ekki er loku fyrir það skotið að hægt sé að kalla oftar til samráðs ef ástæða þykir til.

Safnaráð hefur samráð við ráðherra og safnstjóra höfuðsafna um hverjum skuli boðið til þátttöku á fyrsta samráðsfundinum. Á sama fundi er rétt að kynna reglur um fyrirkomulag samráðsfundar sem ráðherra fær síðan til staðfestingar.“

Á fundinn var einnig boðið Félagi safnafræðinga, Námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands, Félagi íslenskra forvarða og SÍM – Samband íslenskra myndlistamanna.

2. Reglur um samráðsfund

Tillaga um reglur samráðsfunda menningar- og viðskiptaráðherra og fagfélaga safnastarfs, eins og tilgreindur er í 7.gr. safnalaga nr. 141/2011

Fyrirkomulag samráðsfundar

Samráðsfundurinn er eins til tveggja klukkutíma staðfundur sem boðaður er að jafnaði einu sinni á ári. Boðað er með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Safnaráð setur fundarstjóra og fundarritara.

Hluti dagskrár getur verið helgaður fyrirfram ákveðnu efni. Þátttakendur munu þá senda spurningar eða málefni til umræðu til ráðherra, með góðum fyrirvara svo ráðherra getur undirbúið sig.

Þátttakendur – fagfélög og stofnanir

Gert er ráð fyrir að hver þátttökuaðili sendi einn gest fyrir sína hönd, að jafnaði formann hvers félags eða forstöðumanni stofnunar. Sá aðili getur sent annan stjórnarmann (eða staðgengil) ef boðsgestur á ekki heimangengt.

Aðra aðila má bjóða á fundina, ef þörf krefur.

- Safnaráð, ráðið og framkvæmdastjóri
- Þjóðminjasafn Ísland auk starfsmannafélags
- Listasafn Íslands auk starfsmannafélags
- Náttúruminjasafn Ísland auk starfsmannafélags
- FÍSOS, Félag íslenskra safna og safnafólks
- Íslandsdeild ICOM
- Félag fornleifafræðinga
- Sagnfræðingafélag Íslands

² Sjá: <https://www.althingi.is/alttext/153/s/1130.html>



- Félag þjóðfræðinga á Íslandi
- Félag íslenskra náttúrufræðinga
- Listfræðafélag Íslands
- Félag íslenskra safnafræðinga
- NKF-Ísland - Félag norrænna forvarða á Íslandi
- Námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands
- SÍM – Samband íslenskra myndlistamanna

3. Erindi ráðherra

Sigrún Brynja Einarsdóttir ráðuneytistjóri tilkynnir fundagestum að Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, hafi því miður ekki tók á að vera á fundinum og biður fyrir kveðju, en þær Sigrún Brynja og Arna Kristín sitja fundinn fyrir hennar hönd.

4. Umræður

Orðið var gefið laust og rætt var um að núverandi menningar- og viðskiptaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, hefði unnið ötullega að stefnumótun í safnamálum og menningarmálum og voru vangaveltur um hvernig sú stefnumótunarvinna muni skila sér áfram ef nýr ráðherra tekur við í kjölfar komandi kosninga. Stefnurnar væru góðir vegvísar og synd ef þeirri vinnu yrði kastað fyrir róða.

Vandi Náttúruminjasafns Íslands var til umræðu.

Fundargestir voru almennt áhyggjufullir yfir stöðu Náttúruminjasafnsins og aðgengi almennings að því sérstaklega í ljósi þess hversu brýn náttúrufræðsla er fyrir okkar samtíma á sama tíma og náttúrulæsi mælist ekki gott hjá nemendum. Hvöttu fundargestir einróma að hugað yrði að stöðu safnsins og safnið yrði tryggt til framtíðar og að það yrði fært til bókar.

Varðveislurými safna var einnig til umræðu, þar sem allmörg söfn standa frammi fyrir því að vera með ófullnægjandi og óviðunandi varðveisluaðstæður og því afar brýnt að við því sé brugðist og sögðu fundargestir að annað væri hægt að túlka sem vanrækslu.

Á sama tíma þurfa söfn jafnframt að hafa skýra söfnunarstefnu og mikilvægt er að söfnun fari fram með faglegum hætti svo ekki sé verið að safna t.d. sömu safngripum á mörgum stöðum. Fortíðarvandi gæti verið sumum söfnum til vandræða og í einhverjum söfnum þarf nauðsynlega að vinna að grisjunaráætlun.

Stefnuleysi í stafrænni varðveislu er vandamál, en þar vantar heildræna stefnu í málaflokkinn og aðilar sem sinna stafrænni varðveislu safna eru að kljást við þann vanda hver með sínum hætti sem óhagkvæmt og óskilvirkt.

Samræmd stefna og lausnir á varðveislu stafrænna gagna er brýn en einnig mun það vera mun hagkvæmara þar sem stafrænar lausnir eru fjárfrekar. Jafnframt er aukin krafa frá almenningi um aðgengi að stafrænum gögnum og því þarf að mæta.

Lög um höfundarrétt eða höfundalög eru gömul eða frá 1972, en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og því þarf heildræna endurskoðun og uppfærslu á íslenskum lögnum.

Þar að auki þarf að samræma þau betur lögum á alþjóðavettvangi. Þetta eru víðfeðm mál sem og verða aðeins æ brýnni er fram líða stundir.



Vakin var athygli á verkefninu Safnasóknin sem Félag íslenskra safna og safnafólks (FÍSOS) vann á árinu. Þar voru haldnir samráðsfundir safna um allt land á árinu og niðurstöður fundanna gefa góða mynd af stöðu safna.

Fjármál voru þar efst á baugi, mikið álag á starfsfólki og söfn eru að jafnaði undirmönnuð auk þess eru varðveislurými ábótavant. Í ljósi niðurskurðar í safnasjóð og annarra menningarsjóða er mikilvægt að staðið sé vörð um sjóði fyrir söfn eins og safnasjóð.

Erfitt getur verið fyrir söfn að reiða sig á samkeppnissjóði til að sinna grunnstarfi safna. Það er tímafrekt og þarfnast sérfræðipekkingar sem tekur tíma frá öðrum verkefnum.

Ýmsir samkeppnissjóðir t.a.m. Barnamenningarsjóður hefur þó verið hvalreki fyrir söfn, tekið var dæmi hjá Listasafni Íslands þar sem styrkur úr Barnamenningarsjóði gerði safninu kleift að sinna öllu landinu (sem er lögbundið hlutverk höfuðsafns) með fjarkennslu og þar til gerðum búnaði ásamt því að gefa út vandað námsefni, Sjónarafl.

Söfn hafa mikilvægt menntunarhlutverk og eru samfélagslegt jöfnunartæki. Því er mikilvægt að tryggja söfnum fjármagn til að sinna lögbundnum hlutverkum sem þessum.

Rætt var um að stofnanir, sem vinna á sviði menningarmála og aðrar samvinnustofnanir safna, eru ekki endilega í sama ráðuneyti og því geta málaflokkar geta lent á milli stafs og hurðar. Þá þarf að gæta að samvinna sé á milli ráðuneyta, t.a.m. varðandi Minjastofnun sem er undir öðru ráðuneyti - Sem gerir það að verkum að erfitt getur verið að vita undir hvaða ráðuneyti eftirtaldir málaflokkar eiga heima, s.s. húsasafn, handverksþekking og bátaarfleið svo dæmi séu tekin.

Staða á viðbragðsáætlunum safna var einnig tekin til umræðu en eftir hamfarirnar í Seyðisfirði þegar Tækniminjasafnið varð undir aurskriðu hafa söfn vaknað til meðvitundar um nauðsyn þess að vinna slíkar áætlanir.

Þar að auki hefur Ísland staðfest Haag-samning UNSECO um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka frá 1954, og safnaráð hefur verið í forsvari við að bjóða viðurkenndum söfnum aðstoð við gerð viðbragðsáætlana sem er ein af skuldbindingum samningsins.

Vakin var athygli á því að safnafólk sinnir fjölpættu starfi og mikilvægi þess að kalla safnafólk og starfsfólk safna til samtals þegar kemur að stefnumótandi vinnu t.d. varðandi ferðamál.

Í lokin var minnst á ráðstefnu íslenskra safna og safnafólks til Hollands 2023 þar sem fjöldi safna í Amsterdam og nágrenni voru heimsótt. Þar kvað við annan tón hjá starfsfólki safna en engin kvartaði undan fjárskorti og aðstaða safna almennt góð. Söfn á Íslandi geta ekki verið í stöðugum samdrætti og hagræðingu.

Í lokin var ákveðið að láta ekki of langt líða að næsta samráðsfundi og ákveðið að hafa tvo fundi á næsta ári 2025. Næsti fundur verður að vori og seinni fundurinn að hausti. Fundargestir tóku vel í þá tillögu.

Fundi slitið kl. 14:37 / KP